

## 1. Fundur skólanefndar

<b>Mættir:</b>	<b>Arnhórf Sigurðsson varamaður, Finnur Beck aðalmaður, Flosi Eiríksson aðalmaður, Jóhann Ísak Pétursson fulltrúi kennara, Guðrún Olgeirsdóttir fulltrúi foreldra, Halldóra Guðmundsdóttir varamaður, Kolbeinn Óttarson Proppé aðalmaður, Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Sigurður Konráðsson aðalmaður, Ýr Gunnlaugsdóttir varamaður og Þóra Elfa Björnsson aðalmaður.</b>
<b>Forfallaðir:</b>	<b>Fulltrúi nemenda vegna prófa, Guðrún Ólöf Gunnarsdóttir varamaður og Rafn Steingrímsson varamaður.</b>
<b>Staður:</b>	<b>V34</b>
<b>Tími:</b>	<b>Kl. 12:00-13:30    <u>Dags.: 24. apríl 2013</u></b>

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Margrét Friðriksdóttir, skólameistari setti fund og bauð fundarmenn velkomna.	<b>MF</b>	
<b>1.</b>	<b>Kynning á störfum skólanefndar</b>		
	Þetta var fyrsti fundur ný skipaðrar skólanefndar og því bæði aðal- og varamenn boðaðir. Skólameistari gerði grein fyrir hlutverki og starfsháttum skólanefndar og rakti m.a. efni 5. gr laga um framhaldsskóla.	<b>MF</b>	<b>20 mín.</b>
<b>2.</b>	<b>Kosning formanns skólanefndar</b>		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	<p>Samkvæmt 5. gr laga um framhaldsskóla, skal nefndin kjósa sér formann til eins árs í senn. Skólameistari lagði til að Flosi Eiríksson yrði kjörinn formaður og var það samþykkt einróma. Flosi þakkaði traustið og lagði til að Sigurður Konráðsson yrði kjörinn ritari skólanevndar og var það einnig samþykkt einróma.</p>	<b>MF</b>	<b>5 mín.</b>
<b>3.</b>	<b>Ársskýrsla 2012</b>	<b>MF</b>	<b>35 mín.</b>
	<p>Ársskýrslan var send nefndarmönnum fyrir fundinn. Skólameistari fór yfir helstu atriði skýrslunnar. Heildar fjöldi nemenda var 1.414 sem er aukning um 48 frá fyrra ári. Stöðugt er unnið að því að halda brottfalli nemenda í lágmarki og í þeim tilgnagi hefur verið tekin upp nákvæm skráning á ástæðum brotthvarfs. Enn er hlutfall nemenda af erlendum uppruna lágt meðal nýnema borið samn við hlutfall þeirra sem útskrifast úr grunnskólum. Skólinn hefur ítrekað óskað eftir auknu samstarfi við Fræðsluskrifstofu Kópavogs vegna málsins, en lítið hefur miðað. Skólanevnd hvetur til að áfram verði unnið í málinu.</p> <p>Menningar- og náttúrulæsi eru nýir áfangar sem þróaðir hafa verið í Menntaskólanum í Kópavogi út frá grunnþáttum náms og nýrri aðalnámskrá. Þetta tilraunaverkefni hefur tekist mjög vel og verður líklega fyrirmynd í fleiri skólum.</p> <p>Á haustönn 2012 hófst nám til viðurkennds bókara í fyrsta skipti og var árangur nemenda MK mjög góður.</p>		
<b>4.</b>	<b>Ársreikningur 2012, lokauppgjör frá Fjársýslu ríkisins</b>	<b>MF</b>	<b>15 mín.</b>

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	<p>Ársreikningurinn var sendur nefndarmönnum fyrir fundinn. Skólameistari fór yfir helstu þætti. Heildarrekstrarkostnaður á árinu 2012 var rúmur milljarður. Umframnemendur voru bættir en þrátt fyrir það var halli á rekstri skólans 18,6 milljónir króna á árinu 2012. Ljóst er að áfram verður að beita ítrasta aðhaldi í rekstri skólans.</p>		
<b>5.</b>	<b>Skólagjöld haustið 2013</b>	<b>MF</b>	<b>10 mín.</b>
	<p>Skólameistari lagði fram tillögu að skólagjöldum á haustönn 2013. Vegna hækkunar hráefniskostanaðar reynist nauðsynlegt að hækka efnisgjald hjá matartæknum og matsveinum. Vegna aukins launakostnaðar eru gjöld í leiðsöguskóla og ferðamálskóla hækkuð. Önnur gjöld eru ekki hækkuð. Skólaneftnd lýsir ánægju með að gjöld skulu að mestu óbreytt og gerir ekki athugasemd við tillögu skólameistara. Kolbeinn Óttarsson Proppé ítrekar áður framkomna afstöðu sína að ekki eigi að innheimta skólagjöld í framhaldsskólum og situr hjá við afgreiðslu málsins.</p>		
<b>6.</b>	<b>Önnur mál</b>	<b>MF</b>	<b>5 mín.</b>
	<p>a) Útskrift kvöldskóla verður fimmtudag 16. maí og dagskóla föstudag 17. maí. Skólaneftnd er boðið að vera við báðar þessar útskriftir.</p>		
	<p>Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30</p>	<b>FE</b>	

Sigurður Konráðsson

ritaði fundargerð

*Uppfært miðvikudagur, 24 apríl 2013 10:53*